



Birgitta Jónsdóttir

lega. Þetta er mín aðferð til að ná sem mestu út úr lífinu og læra, ég verð að brenna mig til að skilja. En það eru ekki allir á sama máli.

Ákaflega margir lifa í fölsku öryggi, sem að mínu mati er aðallega blindni. Oft hef ég öfundað þá sem svona er ástatt um, þegar mér finnst ég hafa séð of mikið, of langt. En þá get ég nú gladdst yfir því að þrátt fyrir allt rötleysið í kringum mig, á ég fastan punkt, sem ekki er bundinn við eitthvað hús eða ákveðin lífsgæði. Hann er einhvers staðar innifyrir og veitir mér stöðugleika. Ég á heima þar sem ég er. Ég hef búið á svo mörgum stöðum í mínu lífi og við ólík lífskjör, allt frá hálfgerðu ríki-dæmi til mikillar fátæktar og veit því að með góðum vilja má laga sig að nánast hverju sem er. T.d. því að búa í 16 fermetra herbergi með annarri manneskju í heilt ár, þannig bjó ég úti í Svíþjóð.

Ég hef kynnst hreinni geðveiki, „schizophreniu“, í minni upprunalegu fósturætt, þar sem sundrunin var algjör. Ég hef líka kynnst fólki sem var klettur, það stóðst allar uppákomur en hvarf samt. Mér hefur skilist að ég þarf að finna klett í mér sjálfri. Setja allt mitt traust á mig, án þess þó að oftreysta mér. Öryggi felst í því að geta t.d. gengið niður eina litla götu án þess að hafa grímu á andlitinu, vera maður sjálfur. Og það er oft skrambi erfitt. Að horfast í augu við sjálfan sig af hreinskilni. En maður verður að reyna að skilja sig til að geta skilið annað; ef ég er tvístruð verður allt sem ég geri þannig líka. Ekkert hefur beygt mig alveg og stundum undrast ég minn eigin styrk, kannski er ég orðin dálítill klettur.

Hvað finnst yfirlýstu borgarbarni um Reykjavík?

Ég kann ekki við að verið sé að reyna að gera þessa litlu og sætu borg að stórborg, það fer henni ekki. Af hverju getum við ekki samþykkt að vera svolitlir sveitamenn í okkur? Því þurfum við alltaf að leika einhverja heimsborgara? Mér finnst alveg óstjórnlega vænt um þessa borg. Það er iðandi mannlíf hérna. Ég er alltaf í miðbænum og hef yfirleitt búið þar. Af og til fer ég í ævintýraferðir með strætó í aðra borgarhluta, en miðborgin á stærsta sessinn í hjarta mínu. Ég hef stundum grátið þegar verið er að rífa gömul hús, mér finnst svo vænt um þau vegna þess að eins og allir gamlir hlutir segja þau manni alltaf einhverja sögu úr fortíðinni. Tjörnir og höfnir eru mér athvarf sem ég leita gjarnan til, ein eða með öðrum. Mér er meira að segja farið að þykja sérdeilis vænt um hrossaflugur, þær eru eitthvað svo Reykjavíkurlegar!

Ég hef heyrt því fleygt að þú sért mjög ástfangin þessa dagana, hvernig lýsir það sér?

Já, ég er nú alveg dauðans ástfangin núna. Einkennin eru fíðrildi í maganum, valhopp um strætin, bros í augunum og miklir straumar. Svona jarðhræringar í manni. Ég hef alltaf vitað að ástin er raunveruleg, en ég hélt aldrei að hún gæti verið svona sterk. Hún er svo ótjörnleg að ég sé varla sólina. Ástin er líka mikið það, sem maður gerir úr henni. Það má magna hana upp í eitthvað geysilega sterkt og svo er hægt að bæla hana niður, en það er sárt. Ég hef verið mjög ástfangin af lífinu, þó svo að oft hafi það verið mér er-

fitt. Það hafa komið þeir tímar þegar mig hefur langað til að deyja. En ég er ekki hrædd við dauðann, ég á mér þá von að maður fái að halda eitthvað áfram þó klippt sé á þetta líf. Hvernig svo sem það verður. Ástin er það sem fær mig til að ganga áfram í lífinu.

Nánar um það sem þú ert að gera, skriftir og myndlistina.

Ekkert er í rauninni mikilvægara fyrir mig en að skrifa. Ég get losað um svo margt með þeim hætti. Ég hef skrifað mikið og reynt að fá það birt sem víðast. Ég hef safnað öllum þessu litlu ljóðum og dagbókabrotum saman og fletti svo stundum í gegnum þau. Þá fæ ég afar sterkar myndir af fortíðinni, svo sterkar að stundum er mér það næstum um megn að horfa á þær.

Ég stefni á að gefa út ljóðabók, en ég hef tekið mér langan tíma í undirbúning. Vil gera þetta vel og fá forlag til að gefa hana út. Ég hef séð vini mína og kunningja, sem gefið hafa út sjálfir, selja ljóðabækurnar sínar á öldurhúsum og kaupa sér glas fyrir andvirðið. Þeir geta svo yfirleitt ekki greitt útgáfukostnaðinn og bókin fer fyrir ofan garð og neðan.

Ég reyni að hafa ljóðin mín stutt og hnitmiðuð, er lítið hrifin af orðagjálfrí. Ég vil lesa ljóð þannig, að þau gefi manni sterkar myndir í sem fæstum orðum. Annað er tímaeyðsla.

Myndirnar mínar eru oft sagðar ljóðrænar. Mér finnst mjög skemmtilegt að blanda saman ljóði og mynd. Annars er ég sögð gera ljóð sem eru dálítið þung, en ég held að það sé bara af því að ég er orðin nokkuð öguð í orðanotkun og er ekkert að föntra með orðin, sem þýðir aftur að ég er barasta alls ekki neitt poppljóðskáld!

Nú verður þú komin til Englands þegar þessi orð birtast, hvað er framundan?

Upphaflega ætlaði ég mér að vera úti í ein þrjú ár en sú áætlun hefur raskast. Til að byrja með verð ég í London og fer svo jafnvel til Danmerkur, þar sem móðir mín er búin að kaupa sér hús til frambúðar. Það er aldrei að vita hvað ég flengist, fer eftir því hvort ég fæ vinnu, kemst í skóla eða hvað. Mér finnst óþægilegt að skipuleggja framtíðina um of, allt getur breyst á svipstundu og ég er ekki ósatt við það.

Þetta gefur mér kost á að ferðast heimlíkið. Staðreyndin er sú, að þegar maður er á annað borð kominn yfir Atlantshafið er miklu auðveldara og ódýrara að hreyfa sig um. Ég vil fara langt og komast að því hvernig fólk í öðrum og algjörlega ólíkum þjóðfélögum hugsar og hagar sér. Ég á von á arfi eftir föður minn sem gerir mér þetta væntanlega kleift. En fyrst fer ég á vit dálitilla ævintýra í Lundúnaborg og læt ósagt um það hvenær ég kem til baka. Ísland á þó svo sterk ítök í mér að ég hlýt að koma aftur einhvern daginn.

Ég óttast ekki framtíðina, hún er eitthvað sem maður spinnur jafnt og þétt og eina takmarkið mitt er að lifa af lífi og sál og taka því sem að höndum ber.

Að svo mæltu var Birgitta þotin af stað til að kaupa sér gjaldeyri í næsta banka. Þessari þrekmiklu og sjálfstæðu stúlku ætti ekki að verða skotaskuld úr að safna frekari fróðleik og vísu í lífssöguna á erlendri grund. Við óskum henni góðrar ferðar.

“Eyðniauglýsingin fannst mér ekki nógu góð að því leyti að hún virkaði ekki „sjokkerandi“ á fólk. Ég held að við eigum eftir að reka okkur á þetta seinna.”

HELGA SVERRISDÓTTIR

“Áður var ekki í tisku að binda sig og giftast en í dag hugsar ungt fólk fyrr en áður um giftingu og framtíðina. Svona getur dæmið snúist við.”

BRYNHILDUR GUNNARSDÓTTIR



Helga Sverrisdóttir

Ég fór mikið út að skemmta mér eftir að prófunum lauk en hef minnk- að skemmtanirnar núna. Ætli ég fari ekki svona 4–5 sinnum í mánuði út að skemmta mér. Ég er lítil eftir aldri, en ég fór að komast inn á skemmtistaði 18 ára gömul.

Er unga fólkíð hrætt við eyðni?

Ekkert finnst mér það. Mér finnst hvorki vera næg hræðsla né næg umræða í gangi. Eyðniauglýsingin fannst mér ekki nógu góð að því leyti að hún virkaði ekki „sjokkerandi“ á fólk. Ég held að við eigum eftir að reka okkur á þetta seinna.

Hvers virði er þér stúdentsprófið?

Það er nauðsynlegt að hafa stúdentsprófið. Ef þú ætlar í frekara nám verður þú að hafa prófið. Ég ætla t.d. beint í háskólanám í haust. Ég hyggst leggja stund á hjúkrunarfræði. Ég finn ekki fyrir skólaleiða, en hann kemur kannski seinna. Það hentar mér vel að vera í skóla á veturna og vinna á sumrin. Ágæt „rúfina“.

Næst hittum við að máli Helgu Sverrisdóttur, nýstúdent, og spurðum hana hvað hún væri að gera í sumar.

Ég er að vinna á Borgarspítalanum. Það er mjög erfitt starf og kreifandi en mér finnst gaman í vinnunni. Ég hyggst fara til Evrópu í sumar með vinkonu minni. Við komum til með að ferðast með lest. Það verður vonandi mjög gaman.

Hvað gerirðu þér til skemmtunar, Helga?

Að lokum hittum við Árdís Arnardóttur, gjaldkera í Útvegsbankanum. Ég spurði hana hvernig henni líkaði starfið.

Ég var áður í gjaldeyrisdeild bankans og líkaði betur þar. Þetta er nú ekki sérlega lífligt starf. Það eru að vísu margir á ferðinni og maður hittir marga á hverjum degi.

Hver eru þín áhugamál, Árdís?

Ferðalög númer eitt, tvö og þrjú. Ég hef farið nokkrum sinnum hringinn í kringum landið. Ég á mikið af ættfólki fyrir norðan og heim-sæki það stundum. Ég hef ferðast með lest um Evrópu og eitt sumar var ég í skóla í Frakklandi. Ég var að vísu mest á ströndinni. Ég gæti vel hugsað mér að eiga heima í útlöndum. Annars kann ég vel við mig í henni Reykjavík. Mann vantar kannski meiri viðmiðun.

Hvaða augum lítur þú á fjölskylduna?

Að mínu áliti er helsta hlutverk fjölskyldunnar að ala upp börnin og



Árdís Arnardóttir

verða þeim stuðningur á lífsleiðinni. Fjölskyldulífið. Ég hef aldrei kynnst neinu unglíngavandamáli sem öllum var tíðrætt um á tímabili. Kannski af því að ég hef alltaf verið róleg, að mínu mati allavegana. Ég fer ekki að huga að fjölskyldu og þess háttar fyrr en ég finn þann eina sanna. Þá gifti ég mig.



Brynhildur Gunnarsdóttir

stjórnmálamennina okkar. Þeir eru ekki nóg framtakssamir. Þeir eru sífellt að vara sig á því að ekkert stangist á við aðra. Alltaf að reyna að geðjast öllum. Tíminn fer of mikið í hluti sem ekki skipta máli. Mér list vel á nýja skattakerfið. Það ætti ekki að vera hægt að svikja undan skatti. Ég bind mig ekki ennþá við neinn einn flokk.

Hvernig list þér á framtíðina?

Ég er bjartsýn. Ég hef stóra drauma. Ég held að öllum sé ætlað að gegna einhverju tilteknu hlutverki. Áhugamálin skipta mestu máli. Ég ætla að leggja stund á viðskiptafræði, jafnvel alþjóðamarkaðsfræði. Viðskiptin heilla. Hasar, nóg að gera, fjör. Vil helst hafa of mikið að gera.